



16. Landbúnaðarnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 4. maí 2017 kl. 12 á skrifstofu Langanesbyggðar

Mættir: Sverrir Möller formaður, Sigríður Ósk Indriðadóttir, Steinunn Halldórsdóttir, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Innsend erindi frá sveitarstjórn til umsagnar.

- a) Bréf frá heiðarbændum dags. 9. janúar 2017, lagt fram.
Eftirfarandi bókun var samþykkt um lið 1 í bréfinu, hnitsett landamerki: Það er álit nefndarinnar að hnitsett landamerki séu mál hvers landeigenda fyrir sig.
Svohljóðandi samþykkt var gerð um lið 2, heiðarvegir styrkvegaskjóður: Nefndin er sammála um að að ábendingar um viðhaldspörf heiðarvega komi frá bændum til sveitarstjóra.
Varðandi 3. lið bréfsins, eignir sveitarfélagsins í sveitarhluta, vill nefndin árétta þá skoðun að jarðir séu í eigu í heimamanna. Vísað er til fyrri umræðu landbúnaðarnefndar og sveitarstjórnar um uppbyggingu og rekstur gangnamannakofa. Bændur eða gangnastjóri viðkomandi svæðis hafi frumkvæði að fá öryggisnúmer fyrir kofana.
Umhverfismál, liður 4. Samningur milli Langanesbyggðar og Gámafélagsins er skýr, að það sé á ábyrgð Gámafélagsins að sækja rúlluplast til bænda. Skilagjald er heimt við sölu plastsins. Ruslagámar eru aðgengilegir fyrir íbúa sveitarfélagsins og því ekki þörf á sérstöku aðgengi í aðra gáma. Upplýsingar um opnuartíma er að finna á heimasíðu Langanesbyggðar.
Sveitarstjóri upplýsti að unnið sé að því að fjarlægja brotajárn í sveitarfélaganinu.
Vegna 5. liðar og stöðu fjallskilastjóra, er það upplýst að núverandi fjallskilastjóri enn að störfum.
- b) Erindi frá félagi félags hreindýraleiðsögumanna, dags. 20. mars 2017.
Landbúnaðarnefnd mælir með því að árlega sé sótt um styrk í styrkvegaskjóð Vegagerðarinnar.
- c) Bréf frá Marinó Jóhannssyni, dags. 23. apríl 2017. Nefndin áréttar að fjallskilasamþykkt er í gildi fyrir sveitarfélagið og starfandi er fjallskilastjóri. Enn fremur að stefnumörkun dreifbýlis innan Langanesbyggðar komi frá íbúum þess.

2. Framkvæmdaáætlun 2017

Samþykkt að fresta þessum lið.

3. Önnur mál.

- a) Tvær umsóknir hafa borist um refa- og grenjavinnslu frá Reimari Sigurjónssyni á Felli á Brekknaheiði og Kristbirni L. Th. Hallgrímssyni á Tunguselsheiði til þriggja ára.
- b) Drög að reglum um grenjavinnslu lögð fram til kynningar.
- c) Rætt um minnkaeyðingu í Langanesbyggð.

4. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 13. maí nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:23.